**226. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 13. nóvember 2014 kl. 16:00.**
**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Örn Andrésson, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson og Ingi Þór Ágústsson.**

**Dagskrá:**

1. **Fyrirmyndaríþróttahéruð – kynning**
Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri og umsjónarmaður verkefnisins kom inn á fund og kynnti fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ hugmyndir að gæðaverkefninun Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið og nú liggur fyrir gátlisti yfir þær kröfur sem íþróttahéruð þurfa að uppfylla til að hljóta þessa viðurkenningu.
Almennar umræður urðu um verkefnið og komu fram hugmyndir að breytingum á orðalagi og áherslum. Samþykkt að kynna verkefnið Formannafundi ÍSÍ með þeim smávægilegu breytingum á gátlista sem stjórnin lagði til.

Forseti þakkaði Viðari fyrir kynninguna og vék hann af fundi.

2. **Heimsóknir í íþróttahéruð**
Forseti skýrði frá heimsóknum til Héraðssambandsins Skarphéðins, Íþróttabandalags Suðurnesja og Íþróttabandalags Reykjanesbæjar 22. og 23. nóvember sl. Heimsóknirnar voru mjög ánægjulegar og var vel tekið á móti hópnum á öllum stöðum. Fyrirhugað er að heimsækja fleiri íþróttahéruð á næstu vikum og mánuðum.

3. **Ólympísk málefni**
Friðrik Einarsson skýrði frá því helsta varðandi þau ólympísku verkefni sem framundan eru.
Fundur var haldinn með sérsamböndum ÍSÍ vegna ólympískra verkefna á þriðjudaginn sl. Enn er óvissa með þátttöku A-landsliðs karla í handknattleik á HM í Qatar en það ætti að skýrast á næstu dögum. Reglur eru að herðast í frjálsíþróttum á Ólympíuleikum varðandi lágmarks árangur til þátttöku.

Friðrik fór yfir það helsta sem fram kom á fundinum varðandi Smáþjóðaleikana 2015. Óskað var eftir fjöldatölum frá sérsamböndum varðandi þátttöku í leikunum og mun þeim verða skilað 1. desember um leið og forskráning annarra þjóða mun skila sér inn í skráningarkerfið.

Rætt um mögulegan fjölda þátttakenda í Evrópuleikunum í Baku 2015 og það nýjasta í undirbúningi fyrir leikana.

Framkvæmdastjóri skýrði frá ferð sinni og Andra Stefánssonar sviðsstjóra Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ til Ríó á fararstjórafund. Margt er á áætlun varðandi undirbúning fyrir leikana en einnig margt óklárað. Hótelmál verða erfið því að of fá herbergi eru í boði á því svæði sem allir kjósa að vera.

**4. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn segir frá því helsta í undirbúningi Smáþjóðaleikanna 2015.
Skrifað var undir samstarfssamning við ZO-ON, sem verður einn af Gullsamsstarfsaðilum leikanna 3. október sl. Sjálfboðaliðavefur var virkjaður við sama tækifæri og hefur skráning sjálfboðaliða farið vel af stað. Öll undirbúningsvinna er á áætlun. Stefnt er að því að skrifa undir samninga við Gullsamstarfsaðila 1. desember þegar hálft ár er til setningu leikanna. Lukkudýr leikanna mun þá einnig verða kynnt til sögunnar. Finna þarf dagsetningu til að undirrita samning við Reykjavíkurborg.

**5. Nýjar íþróttagreinar – Roller Derby og Amerískur fánabótbolti**

Framkvæmdastjóri skýrði frá tveimur umsóknum um staðfestingu nýrra íþróttagreina. Um er að ræða íþróttagreinarnar Roller Derby og amerískan fánafótbolta. Leita þarf staðfestingar á íslensku heiti íþróttagreinanna. Báðar þessar íþróttagreinar eru viðurkenndar af IOC og eru stundaðar undir íþrótta- og ólympíusamböndum í öðrum skandinavískum löndum eins og t.d. í Danmörku og Noregi.
Samþykkt að viðurkenna báðar þessar íþróttagreinar.

**6. Íþróttamaður ársins**

Minnt á að sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2014 verður haldið 3. janúar 2015 í Gullhömrum í Grafarholti.
RÚV mun sýna frá hófinu og einnig útbúa samantekt frá afhendingu viðurkenninga til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda og sérsíþróttanefnda ÍSÍ, líkt og undangengin ár.

**7. Staða afreksíþrótta á landsbyggðinni**

Komið hafa upp nokkur tilfelli á undanförnum vikum þar óvissa hefur skapast um þátttöku liða á höfuðborgarsvæðinu í mótum sem hafa verið skipulögð úti á landi vegna mikils ferðakostnaðar. ÍSÍ hefur borist erindi frá Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands þar sem bent er á eitt tilfelli af þessum toga vegna móts á Neskaupsstað og var óskað eftir áliti ÍSÍ og einnig því að ÍSÍ ræði stöðu afreksíþrótta á landsbyggðinni. Töluverðar umræður urðu um málið út frá ýmsum hliðum.
ÍSÍ er hlynnt mótahaldi á landsbyggðinni og telur að með því náist og viðhaldist mikilvæg reynsla í undirbúningi og framkvæmd móta, dómgæslu og sjálfboðaliðastörfum. Ekki síður eru mót hvati fyrir iðkendur á viðkomandi stöðum og samfélagslegur ábati hlýst af því að fá fólk á staðinn.
Ekki er þó hægt að líta framhjá kostnaði við mótahaldið, sem skiptir síauknu máli hjá öllum félögum og iðkendum þeirra með hækkandi ferðakostnaði.
Mótahald er í höndum sérsambanda ÍSÍ og liggur því mest á þeirra höndum að vinna með þetta mál og finna ásættanlegan meðalveg.

Málið verður reifað á Formannafundi ÍSÍ á morgun.

**8. Heiðranir**

Heiðursráð ÍSÍ leggur til að Haraldur Þórarinsson fráfarandi formaður Landssambands hestamannafélaga verði sæmdur Gullmerki ÍSÍ á Formannafundi ÍSÍ á morgun. Haraldur hefur verið samfellt 16 ár í forystu sambandsins, fyrst sem varaformaður og síðar sem formaður og fylgt sambandinu í gegnum miklar breytingar og þróun.
Samþykkt samhljóða.

**9. Fundargerðir**

**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 225. fundur framkvæmdastjórnar
- 21. og 22. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 5. nóvember 2014

**<u>Leiðbeinandi rammi að afreksstefnu lagður fram. Samþykktur samhljóða.</u>**

- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 6. nóvember 2014
- 78. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 24. september og 10. nóvember 2014

Samþykkt að nýta heimild í samningi ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis um framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ um 2.000.000 kr. launa- og umsýslukostnað vegna ársins 2014.

Eftirfarandi styrkveitingar **<u>samþykktar samhljóða</u>**:

- Samþykkt, í ljósi árangurs ár árinu, að hækka styrk til SSÍ vegna Antons Sveins McKee úr C-styrk (60.000 kr. á mánuði) í B-styrk ( 120.000 kr. á mánuði) í alls fimm mánuði eða frá 1. ágúst – 31. desember 2014. Samtals nemur hækkunin til SSÍ kr. 300.000,-.
- Samþykkt að hækka styrk til JSÍ vegna Þormóðs Árna Jónssonar úr C-styrk (60.000 kr. á mánuði) í B-styrk (120.000 kr. á mánuði) í alls þrjá mánuði eða frá 1. október – 31. desember 2014. Samtals nemur hækkunin til JSÍ kr. 180.000,-.
- Samþykkt að veita FRÍ styrk að upphæð kr. 250.000, vegna aukins kostnaðar í tengslum við fjölgun þátttakenda með alþjóðleg lágmörk á EM og HM á árinu 2014.
- Samþykkt að veita HSÍ styrk að upphæð kr. 1.500.000,- vegna verkefna A-landsliðs kvenna.
- Samþykkt að veita SSÍ styrk að upphæð kr. 150.000,- vegna fræðslu og fagteymis á árinu 2014. Verður styrkurinn veittur af þeim fjármunum sem nú þegar hafa verið skilgreindir til þessara þátta af stjórn sjóðsins og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

- Laganefnd ÍSÍ frá 21. október 2014. **Samþykkt án breytinga.**
- Verkefnasjóður frá 13. nóvember 2014.

**Eftirfarandi styrkveitingar samþykktar samhljóða:**

**Þjálfarastyrkir, samtals að upphæð kr. 1.000.000,-:**

- Ágúst S. Björgvinsson, körfuknattleikur 100.000
- María Helga Guðmundsdóttir, karate 100.000
- Sigríður Finnbogadóttir, íshokký 100.000

- Leifur Sigurðsson, snjóbretti 50.000
- Stefán Einar Kristjánsson, snjóbretti 50.000
- Sævar Baldur Lúðvíksson, skylmingar 100.000
- TKÍ, landsliðsþjálfari 100.000
- Úlfar Jónsson, golf 100.000
- Anna Sonja Ágústsdóttir, hestaíþróttir 20.000
- Karen Emilía Barrysdóttir Woodrow, hestaíþróttir 20.000
- Ásdís helga Sigursteinsdóttir, hestaíþróttir 20.000
- Súsanna Sand Ólafsdóttir, hestaíþróttir 20.000
- Þórdís Anna Gylfadóttir, hestaíþróttir 20.000
- Andri Freyr Magnússon, krulla 50.000
- Sigurjón Steinsson, krulla 50.000
- Sesselja Järvelä, fimleikar 100.000

- Samþykkt að veita Skautasambandi Íslands styrk að upphæð kr. 100.000,- vegna farar tveggja dómara á alþjóðlegt dómaranámskeið.
- Samþykkt að veita Hnefaleikanefnd ÍSÍ styrk að upphæð kr. 100.000,- til að standa straum af dómaranámskeiði í hnefaleikum í nóvember.
-

**10. Viðburðir framundan**
Farið fyrir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

**11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
Næsti fundur framkvæmdastjórnar var ákveðinn fimmtudaginn 11. desember kl. 12:00. Boðið verður upp á jólamat.

**12. Önnur mál**
*HSS 70 ára*
Lagt fram boðskort frá Héraðssambandi Strandamanna sem verður 70 ára 19. nóvember nk. Garðar Svansson og Viðar Sigurjónsson verða fulltrúar ÍSÍ við þetta tækifæri og færa sambandinu blóm og silfraðan, áletraðan platta með hamingjuóskum.

*European Week*
Framkvæmdastjóri skýrði frá því að leitað hefði verið til ÍSÍ um að vera framkvæmdaraðili fyrir verkefnið European Week sem er verkefni frá Evrópusambandinu og fer fram á næsta ári.
Samþykkt að ÍSÍ taki verkefnið að sér.

*Fundur með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum sérsambanda*
Framkvæmdastjóri skýrði frá því að stefnt væri að fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og sérsamböndum ÍSÍ fyrir áramót.

*Norrænu lýðheilsuverðlaunin*
ÍSÍ hlaut Norrænu lýðheilsuverðlaunin í ár og voru þau afhent af Norrænu ráðherranefndinni 16. október sl. í Kaupmannahöfn. Hafsteinn Pálsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og Jóna Hildur Bjarnadóttir fráfarandi sviðsstjóri sviðsins tóku við viðurkenningunni fyrir hönd ÍSÍ.

Í rökstuðningi fyrir verðlaunaveitingunni segir: *„Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur í meira en tvo áratugi haft mikil áhrif á lýðheilsu með því að leggja áherslu á að almenningur lifi heilbrigðu lífi. ÍSÍ hefur haft frumkvæði að áætlunum um hreyfingu, lífsstíl og vellíðan almennings. Áætlanirnar, heilsu- og hvatningarverkefnin, hafa haft mikil áhrif á fólk á öllum aldri og skilað góðum árangri hjá áhættuhópum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er verðugur handhafi Norrænu lýðheilsuverðlaunanna 2014 fyrir skilvirkt og kerfisbundið starf að lýðheilsumálum."*

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari